

**115** Í 2. mgr. 77. gr. framfærslulaganna er gerð sú undantekning frá ofan-  
28. nóv. greindri aðalreglu, að um styrkþega sem ráðstafað hefir verið utan sveitar af sveitarstjórn áður en lögin öðlast gildi, skuli fara sem segir í 65. gr. laganna, en þar er svo ákveðið, að ef framfærslunefnd eða hreppsnefnd hefir ráðstafað styrkþurfa til dvalar í aðra sveit með eða án meðgjafar um lengri eða skemmri tíma, þá beri þeirri sveit sem ráðstafaði dvöl hans, að annast framfærslu styrkþurfans meðan hann þarf á óslitnu sveitarframlagi að halda.

Þetta undantekningarákvæði ber að skýra þröngt með því að það kemur í bág við þann aðaltilgang laganna að fella niður hinar erfiðu greiðslur milli sveitarfélaga vegna fátækraframfærissins.

Ennfremur má benda á það í þessu sambandi að fátækraflutningur hefir verið úr lögum numinn með hinum nýju framfærslulögum og eru sveitarfélög-in þar með svipt að verulegu leyti möguleikum til þess, að hafa áhrif á styrkveitingar til styrkþega sinna, sem dvelja utan sveitar.

Eins og að framan getur er svo til orða tekið í 65. gr. laganna, að hreppsnefnd hafi ráðstafað styrkþurfa til dvalar í aðra sveit. Ráðuneytið verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að þetta orðalag eigi aðeins við þegar sveitarstjórn hefir beinlínis komið styrkþurfa fyrir til dvalar í öðru sveitarfélagi.

Í máli því sem hér um ræðir, er það upplýst, að styrkþeginn Valdemar Lúðvíksson hefir verið heimilisfastur í Búðahreppi frá því á árinu 1929 og ekkert liggur fyrir um það, að hann hafi flutt úr Fáskrúðsfjarðahreppi inn í Búðahrepp að tilhlutun hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðahrepps, og þá að hreppsnefndin hafi styrkt hann beint án milligöngu hreppsnefndar Búðahrepps, frá því að krafa um fátækraflutning kom fram á árinu 1931, þá verður ekki álitnið að undantekningarákvæði 65. gr. framfærslulaganna verði beitt.

Samkvæmt þessu verður að fella úrskurð yðar úr gildi og skylda Búðahrepp til þess að annast framfærslu Valdemars Lúðvíkssonar.

Því úrskurðast:

Valdemar Lúðvíksson skal eiga framfærslurétt í Búðahreppi frá 1. janúar 1936 að telja.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar fyrir hreppsnefndum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðahrepps.

**116** **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins**  
28. nóv. **í Suður-Múlasýslu, um skilning á 65. gr. framfærslulaga nr. 135, 1935.**

Ráðuneytið hefir mótttekið bréf yðar, herra sýslumaður, dags. 2. maí þ. á., ásamt bréfi oddvita Fáskrúðsfjarðahrepps, dags. 14. apríl þ. á., þar sem hann áfrýjar til ráðuneytisins úrskurði yðar, dags. 14. marz 1936, sem ákveður að Þórormur Stefánsson skuli framfærast að öllu leyti af Fáskrúðsfjarðahreppi á meðan hann þurfi á óslitnu sveitarframfæri að halda.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði er það upplýst í máli þessu,

að Þórormur hefir verið undanfarin mörg ár á stöðugu sveitarframfæri í Fáskrúðsfjarðarhreppi. Um vorið 1935 fluttist hann í Búðahrepp og leigði hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps þar fyrir hann húsnæði með leigusamningi dags. 17. júní 1935 og hefir Þórormur verið á framfæri Fáskrúðsfjarðarhrepps s. l. ár án nokkurar milligöngu Búðahrepps.

Samkvæmt þessu er það bersýnilegt að ofangreindum styrkþega hefir verið ráðstafað til dvalar í Búðahreppi af hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps og staðfestist úrskurður yðar því hér með samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 77. gr., sbr. 65. gr. framfærslulaga nr. 135/1935.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar fyrir hlutaðeigandi hreppsnefndum.

**Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, um skiptingu á framfærslukostnaði nokkurra þurfa-  
linga Torfalækjarhrepps hins forna milli Torfalækjarhrepps og  
Blönduóshrepps eftir gildistöku framfærslulaga nr. 135, 1935.**

Oddviti Blönduóshrepps hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 20. júlí þ. á., sem ákveður að styrkþegarnir Sveinn Benjamínsson, Sigríður Árnadóttir, Mægrét Guðmundsdóttir og Þorvaldur Þórarinsson skuli framfærast af Blönduóshreppi að öllu leyti frá 1. janúar s. l. að telja, en að styrkþeginn Benedikt Helgason skuli framfærast af Torfalækjarhreppi og Blönduóshreppi í sameiningu eins og verið hefir meðan hann þarf á óslitnu sveitarframfæri að halda.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði eru allir ofangreindir styrkþegar búsettir í Blönduóshreppi, en hafa verið til 1. janúar s. l. á sameiginlegu framfæri Torfalækjarhrepps og Blönduóshrepps (Torfalækjarhrepps hins forna), þannig að Blönduóshreppur hefir greitt 52/100 hluta af framfærslukostnaðinum en Torfalækjarhreppur 48/100 hluta hans. Þessi skipting framfærslukostnaðarins er byggð á samningum hreppsnefnda tédra hreppa, um framfærslu hinna sameiginlegu styrkþega „Torfalækjarhrepps hins forna“, sbr. bréf Stjórnarráðsins dags. 27. maí 1914.

Úrskurður yðar er á því byggður að telja verði afstöðu nefndra hreppa hvors til annars eftir að þeim var skipt í tvö hreppsfélög, þá sömu, sem hverra annara hreppa í landinu, og að almenn regla framfærslulaganna nr. 135 1935 verði að gilda um þá hvorn um sig, þannig að frá s. l. áramótum eigi heimilisfastir menn innan þeirra vébanda þar einnig framfærslurétt.

Á þessa niðurstöðu getur ráðuneytið ekki fallizt.

Í 1. mgr. 77. gr. framfærslulaganna er svo ákveðið, að samningar sem sveitarstjórnir hafa gert sín á milli, um framfærslu styrkþega, áður en framfærslulögin koma til framkvæmda skuli haldast, ef þeir brjóta eigi í bág við ákvæði laganna.

116  
28. nóv.

117  
30. nóv.